



Krónan styrkist, bara ekki á móti Bandaríkjadal

Íslenska krónan hefur styrkst það sem af er ári á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar, að Bandaríkjadal undanskildum. Bandaríkjadalur hefur ekki verið sterkari á móti evru í 20 ár.

Eftir að hafa veikst dagana eftir innrás Rússlands í Úkraínu í lok febrúar hóf krónan að styrkjast aftur. Verð á evru fór undir 140 krónur fyrri hluta aprílmánaðar og hefur haldist að mestu á milli 135 og 140 síðan.

Eigum enn von á að krónan styrkist

Frá því að við birtum síðustu [Hagsjá um krónuna](#) í júní hefur ekkert gerst sem breytir skoðun okkar um framvinduna næsta árið.

Ferðamannasumarið virðist vera að fara vel af stað og samhliða fjölgun ferðamanna í sumar eigum við von á að hallinn á viðskiptum við útlönd sem mældist á 1. ársfjórðungi breytist í afgang. Við eigum enn von á að krónan styrkist frekar og teljum líklegt að evran fari undir 135 í ár.


Evra ekki veikari á móti Bandaríkjadal í 20 ár

Evran hefur veikst á móti Bandaríkjadal það sem af er ári og hefur ekki verið veikari í 20 ár. Seinustu hagtölur frá evrusvæðinu hafa verið frekar veikar, meðal annars mældist halli á viðskiptum við útlönd í Þýskalandi í fyrsta sinn síðan 1991. Evran fór nýverið undir 1,02 Bandaríkjadali og stefnir hraðbyri að því að vera á pari.


Á millibankamarkaði með gjaldeyri hér á landi eru einungis stunduð viðskipti með evrur. Er því einungis um að ræða verðmyndun á evrum á þeim markaði. Gengi annara gjaldmiðla í krónum er síðan reiknað út frá gengi þeirra í evrum erlendis. Þrátt fyrir að evran hafi lækkað um 5,6% það sem af er ári og vegið meðaltal gjaldmiðla helstu viðskiptalanda okkar (gengisvísitalan) hafi lækkað um 4,4% þá hefur Bandaríkjadalur hækkað um 5,0%.

	7.7.2022	YTD	1M	3M	12M
GVT	187,1	-4,4%	0,8%	-1,3%	-2,1%
EUR	139,3	-5,6%	0,3%	-1,2%	-4,8%
USD	136,8	5,0%	5,0%	5,9%	10,7%
GBP	163,7	-6,9%	0,6%	-3,1%	-4,3%
DKK	18,7	-5,7%	0,3%	-1,2%	-4,8%
NOK	13,5	-8,4%	-0,8%	-8,2%	-5,2%
SEK	13,0	-9,7%	-1,8%	-5,0%	-9,6%
CHF	140,6	-1,5%	5,5%	1,6%	4,9%
JPY	1,009	-10,9%	2,9%	-3,2%	-9,8%

Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond



Staða framvirkra samninga með gjaldeyri heldur áfram að hækka

Síðustu mánuði hefur stöðutaka með krónuna í gegnum framvirka samninga aukist. Í lok maí var hrein staða slíkra samninga hjá viðskiptabönkunum 170 ma.kr. Staðan hefur hækkað um 55 ma.kr. frá áramótum, eða kringum 11 ma.kr. á mánuði.

Almennt koma framvirkir samningar fram í gengi krónunnar þegar samningarnir eru gerðir en ekki þegar þeir eru gerðir upp í lok samningstímans. Þetta hefur því stutt við gengi krónunnar.

Lífeyrissjóðirnir auka aftur við gjaldeyriskaup


Á fyrstu fimm mánuðum ársins keyptu lífeyrissjóðirnir gjaldeyri fyrir tæpa 40 ma.kr. Þetta er nokkur aukning miðað við 2020 og 2021 meðan að heimsfaraldurinn reið yfir, en hluti þessa tímabils var samkomulag milli lífeyrissjóðanna og Seðlabanka Íslands um að lífeyrissjóðirnir myndu halda að sér höndum í kaup á gjaldeyri. Þó vantar enn nokkuð upp á að kaupin séu jafn mikil og 2018 og 2019 þegar þeir keyptu yfir 50 ma.kr. fyrstu fimm mánuði hvort árið.

Í lok maí var hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóðanna 33% af heildareignum og hafði lækkað úr 36% í lok árs 2021. Þess ber samt að geta að í lok árs 2021 var hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóðanna hið hæsta frá upphafi.

Seðlabankinn heldur áfram að sér höndunum


Seðlabankinn hefur að mestu haldið að sér höndum á gjaldeyrismarkaði síðustu mánuði og lítið gripið inn í. Í apríl seldi bankinn 18 ma.kr. til erlends fjárfestis vegna kaupa á ríkisbréfum. Síðan hefur Seðlabankinn bara einu sinni gripið inn í markaðinn. Lítil virkni bankans á millibankamarkaði með gjaldeyri er í ágætu samræmi við það sem kemur fram í síðustu fundargerð fjármálastöðuleikanefndar um að ágætis stöðugleiki hafi verið á gjaldeyrismarkaði.

Staða framvirkra samninga með gjaldeyri




Heimild: Seðlabanki Íslands

Gjaldeyriskiðskipti lífeyrissjóða



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Erlendar eignir lífeyrissjóðanna



Heimild: Seðlabanki Íslands




Það sem af er ári hefur krónan styrkst á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar fyrir utan Bandaríkjadal.




Heimild: Macrobond

Velta á gjaldeyrismarkaði var 28,2 ma.kr. (204 m.evra) í júní.




Heimild: Macrobond

Sí greip síðast inn í markaðinn um miðjan maí.



Heimild: Macrobond

Nettó kaup Sí á gjaldeyri fyrstu sex mánuði ársins eru 24 ma.kr.




Heimild: Macrobond

Vergur gjaldeyrisforði var 860 ma.kr. (6,3 ma. evra) í lok maí.



Heimild: Macrobond


Flökt krónunnar gagnvart evrunni hefur verið nokkuð stöðugt síðustu mánuði.



Heimild: Macrobond




112.000 erlendir gestir fóru um Leifstöð í apríl.




Heimild: Macrobond

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 2,8 ma.kr. í maí.




Heimild: Macrobond

Á 1. ársfjórðungi mældist 50,3 ma.kr. halli á viðskiptum við útlönd.




Heimild: Macrobond

Hallinn á frumþáttatekjum var 15,8 ma.kr. Hallinn skýrist af bættri afkomu fyrirtækja í erlendri eigu (bein fjárfesting) sem kemur til frádráttar.




Heimild: Macrobond

Raugengi miðað við verðlag var 3,3% hærra (krónan sterkari) í júní 2022 en í sama mánuði árið áður og nafngengið var 3,9% sterkara.



Heimild: Macrobond


Framlag hlutfallslegs verðlags til ársbreytingar á raugengi var 0,6% til lækkunar.



Heimild: Macrobond



Vaxtamunur við evru hefur aukist verulega frá því
Seðlabankinn hóf að hækka vexti um mitt ár í fyrra.



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef